

LÖG**um breytingu á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga,
með síðari breytingum.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

26. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 38/1987, orðist svo:

Sveitarstjórn skal ákveða fyrir 1. desember ár hvert hvaða hundraðshluti verður lagður á tekjur manna á næsta ári, sbr. 1. mgr. 25. gr.

Ákvörðun sveitarstjórnar skal tilkynna fjármálaráðuneytinu eigi síðar en 15. desember á sama ári.

Skil á staðgreiðslufé til sveitarfélagsins skulu vera sami hundraðshluti og álagningarhlutfallið skv. 1. mgr.

Sá hundraðshluti, sem sveitarstjórn hefur ákveðið, skal notaður við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs og vera endanlegt álagningarhlutfall útsvars í sveitarfélaginu, sbr. þó 5. og 6. mgr.

Nú kemur í ljós að tekjur sveitarsjóðs hrökkva ekki fyrir útgjöldum og er þá sveitarstjórn heimilt að hækka útsvar frá því er ákveðið var skv. 1. mgr. um allt að 10%. Á sama hátt getur sveitarstjórn lækkað útsvar um allt að 10%.

Ef sveitarfélag kemst í fjárþröng er sveitarstjórn heimilt að leggja sérstakt álag á útsvör ársins, sbr. 90. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986.

Tilkynning um breytingar á útsvari, sbr. 5. og 6. mgr., skal senda skattstjóra og ríkisskattstjóra eigi síðar en 31. mars á álagningarári.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við ákvörðun um álagningu og innheimtu útsvars á tekjur manna á árinu 1988 skulu gilda ákvæði 26. gr. laga nr. 73 26. nóvember 1980, með breytingum sem gerðar hafa verið á þeim lögum fram að gildistöku þessara laga.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.